

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Aðstæður innflytjendafjölskyldna sem eiga fötluð börn

Nafn styrkþega: Guðbjörg Ottósdóttir/HÍ

Útdráttur: Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig fjölskyldur af fyrstu kynslóð innflytjenda sem eiga fötluð börn takast á við daglegt líf, samskipti þeirra við nærsamfélagið og við þjónustukerfið sem ætlað er að styðja fjölskyldur fatlaðra barna. Rannsóknarsniðið var eigindlegt og byggðist á viðtölum við foreldra og þátttökuathugunum á heimilum þeirra. Notað var markmiðsúrtak til þess að fá foreldra með fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar upprunaland, einkenni og aðstæður. Tólf fjölskyldur frá löndum í Suður – og Austur Evrópu, Asíu, Mið-Ameríku og Afríku tóku þátt í rannsókninni. Þær höfðu dvalið á Íslandi allt frá 18 mánuðum til 20 ára, áttu samtals 16 fötluð börn og bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og í sveitarfélagi úti á landi. Reynsla fólksins var margþætt og breytileg en staða margra fjölskyldna var erfið, þær stóðu einar og höfðu lítið stuðningsnet. Þótt samanburðurinn við upprunalandið væri hugsanlega hagstæður gat reynst erfitt að takast á við og samþætta viðfangsefni daglegs lífs. Óvissa í húsnæðismálum, atvinnumálum og fjármálum mótaði líf margra. Tungumálakunnátta, tryggur fjárhagur, öruggt húsnæði og viðeigandi stuðningur réð mestu um það hvernig fjölskyldunum farnaðist í nýju landi. Mikilvægt er að huga að samskiptum og upplýsingagjöf í þjónustu við innflytjendafjölskyldur með fötluð börn og hafa menningarhæfni að leiðarljósi. (Útdrátturinn byggir á grein Snæfríðar Þóu Egilson, Unnur Dísar Skaptadóttur og Guðbjargar Ottósdóttur í Tímarit um Uppeldi og Menntun, 2019).

Name of the project: Migrant families with disabled children

Name of grantee: Guðbjörg Ottósdóttir

Project description: The aim of the study was to investigate how first generation migrant families experience their daily lives, interactions in community and with the service system which supports families with disabled children. The study was qualitative and involved semi-structured interviews and participant observations with 12 families from countries of origin in South- and Eastern Europe, Asia, Central America and Africa. The families had lived in Iceland from 18 months to 20 years, had altogether 16 children and lived in the capital area of Reykjavík and a municipality in the country side. Parents experiences were diverse and changeable but many of the families experienced difficulties such as having limited resources in the form of informal support. Even though in comparison, parents experienced their lives in

Iceland as better than in country of origin, they did experience challenges in their everyday lives. Insecure housing, employment and income issues shaped the lives of many families. Icelandic language skills, income security, housing and access to appropriate support influenced how families fared in the new country. It may be important for services to consider interactions and access of families to information in the service system and to approach support to families from a multicultural competence approach. (An abstract built on previous abstract in the article of Snæfríður Þóra Egilson, Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Ottósdóttir in Tímarit um Uppeldi og Menntun, 2019).